

~~Einar G. E. Samundsen.~~

Sigurður Jónasson.

Starfsskýrslur 1955.

6

## STARFSSKYRSLA.

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku 1955.

Girðingar. Ekkert var girt á árinu á vegum Skógraktar ríkisins í Skagsfirði eða Húnavatnssýslum.

Viðhald girðinga var fremur lítið. Veturinn var fremur snjóléttur og þurfti óviða að hakka upp girðingar af völdum fannalaga, enda mun búfé hvergi hafa komist inn í skógraktargirðingar, að því er eg best veit.

EKKI urðu mikil vanhöld í eldri plöntum þrátt fyrir umhleyppingasama og mjög óhagstaða vetrarveðráttu. Má segja að ýmist varu hlýindi eða frosthörkur.

Græðireiturinn. Mjög mikil vanhöld urðu í unglöntum í græðireitnum, einkum í tveggja ára plöntum, ársömlu plönturnar voru ust betur, og þriggja ára plöntur sakaði ekki að mun..

Ástæðan fyrir þessum vanhöldum mun hafa verið hörð haustfrost eftir heita og sólríka daga, og langur hlýindakafli í aprílmánuði, því í lok mánaðarins gerði norðamnæðinga með allmiklu frosti og hélst það tíðar-nokkuð fram eftir maímánuði.

Í vor voru fluttar út frá Laugabrekku til gróðursetningar 52326 trjáplöntur. Þar af var uppalið í

Laugabrekku 49706 stk. en aðsent frá Skógrækt ríkisins  
2620 stk..

Allar plönturnar flutti ég til kaupenda og leiðbeindi  
við gróðursetninguna eftir föngum.

Mjög þætti mér æskilegt að geta farnað meiri tíma við  
að aðstoða fólk við gróðursetningu að vorinu. En um það  
leiti, sem plöntun stendur yfir, eru annir það miklar við  
graðireitinn að ómögulegt er að vera lengi í einu fjar-  
verandi.

Þessar plöntutegundir voru fluttar héðan út til  
gróðursetningar.

Skógarplöntur:	✓ Birki... <sup>3/4</sup> ...	34390	stk.
	✓ Sitkagreni. <sup>1/2</sup>	7025	"
	✓ Skógarfura...	3270	"
	✓ Blágreni.....	4725	"
	✓ Lerki..... <sup>1/4</sup> ...	460	"
	✓ Rauðgreni.. <sup>1/2</sup> ...	390	"

Samtals 50260 stk.

50.260  
49.706  
554

Garðplöntur:	✓ Birki.....	183	stk.
	✓ Þingviðir...	85	"
	✓ Reynir.....	82	"
	✓ Lerki.....	682	"
	✓ Sitkagreni..	334	"
	✓ Rauðgreni...	480	"
	✓ Ösp.....	106	"
	✓ Ribs.....	16	"
	✓ Gulviðir....	68	"
	✓ Fura.....	30	"

Samt. 2066 stk.

Skógarplöntur og garðplöntur samtals 52.326 stk.

Fræsáning.

Tegund fræs	Uppruni	kg.	m <sup>2</sup>
Birki.....	Ísl. Bajarstaðaskógur.....	14,00	132 ✓
Birki.....	" Vaglaskógur.....	12,00	60 ✓
Eirki.....	" Varmahlíð (Bajarst) .....	14,00	118 ✓
Skógarfura.....	" Noregur, Troms strönd.....	11,00	35 ✓
Brodd og blágreini.....	Sapinero Colorado.....	10,50	25 ✓
Sitkabastarður .....	Lawing Alaska.....	10,50	25 ✓
Rauðgreini.....	Nord Helgeland.....	11,00	40 ✓
Sitkagreini.....	Cordova Alaska.....	10,50	20 ✓
Síberíulerki.....	Askis, Krasnojarsk hérað.....	10,50	20 ✓

14,00 kg. 475 m<sup>2</sup>

Haustsáning. Birkifra (Bajarst.) 2 kg. 60 m<sup>2</sup> Sæð í beo, sem  
ekki spíraði í s.l. vor.

Græðlingar. Í vor gróðursetti ég í beð eftirtaldar tegundir af  
græðlingum:

Pingvíðir..... 800 stk.  
Gulvíðir..... 100 "  
Ösp..... 70 "  
Grávíðir..... 100 "

Samtals 1070 stk.

Vorsáning fór fram dagana 26. maí til 3. júní.  
Græðlingarnir voru gróðursettir 15. og 16. maí.  
Í haust var sáð 20. október.

Áburður í græðireit. Í sáðbeðin bar ég húsdýraáburð og tilbúinn áburð.

Magn per. 100 m<sup>2</sup> : Húsdýraáburður 1000 kg, kalksalp. 4 kg, þrífosf. 3 kg og kalí 3 kg.

Er þetta sama magn af tilbúnum áburði og notað hefur verið undanfarin ár. En af húsdýraáburðunum er skammturinn nokkuð aukinn, eða rúmlega 40% meiri en hann var s.l. ár.

Sáð var undir striga nema í 15 fermetra undir gler.

Spírun.

Yfirleitt má telja að spírun hafi verið samileg, nema í Vaglafræinu, það spíraði nálega ekki neitt, enda sáði ég í þau beð aftur í haust frá Bajarstað.

Nokkuð bar á rötarsvepp í furinni, en annars kvilla varð ekki vart í fræplöntum.

Vöxtur í fræbeðum. Sumarið var óvenju hlýtt eftir að vorkuldunum

lauk. Úrkoma var með meira móti, einkum er líða tók á sumarið. Má því telja að tíðarfar hafi verið hagkvæmt fyrir trjárakt.

Vöxtur í fræbeðum var með besta móti og ekki svo mikil síðsumarfrost að hatta stafaði af. Tími vannst til að ganga frá vetrarumbúnaði áður en hatta varð af haustfrostum.

Annars voru litil framför í eldri trjáplöntum í sumar

og er það sennilega afleiðing af kalda sumrinu 1954..  
Laufgun byrjaði um 20. maí, en lauffall hófst í lok  
september og lauk um miðjan október.

### Ástlun

um söluhafar plöntur vorið 1956.

Skógarplöntur:	Birki.....	4/o.....	10000 stk.
	Birki.....	3/o.....	10000 "
	Blágreini.....	5/o.....	2000 "
	Skógarfura....	4/o.....	1000 "

---

Samtals 23000

Garðplöntur:	Reynir.....	100 stk.
	Ribs.....	200 "
	Kauðgreini....	150 "
	Sitkagreini....	50 "
	Þingvíðir.....	300 "

---

Samtals 800 stk.

### Ferðalög.

Nokkuð mikil ferðalög voru hjá mér á árinu, mest  
um Skagafjörð og Húnavatnssýslur. Þessar ferðir  
voru farnar í ýmsum erindum fyrir skógræktina, sem  
oflangt mál yrði upp að telja.

Að vetrinum var ég oft á ferðinni að lita eftir  
skógræktargirðingum. Þá er jafnan hætta á að  
girðingar fari í kaf í fönn á köflum. Getur þá ~~átti~~

úttigangspeningur auðveldlega komist inn í þær og valdið tjóni. Sainni part vetrar fór ég um að safna plöntu - pöntunum og ákveða tegundaval á hverri stað.

Að vorinu flyt ég til gróðursetningar allar þær trjáplöntur, sem héðan fara. Er þá sjaldan hægt að flytja á marga staði í einu, því að jafnframt þarf é að aðstoða við gróðursetningu. En fólk gefur sér ekki venjulega tíma til að starfa við trjáplöntun fyrir en að kvöldinu, eftir venjulegan vinnutíma.

Í sumar ferðaðist ég nokkuð um til að fylgjast með girðingum og vexti plantna í reitunum. Viða þurfti við að koma, til að athuga smáreitir og garða heima við bæi og gera áætlanir um væntanlegar skógræktargirðingar. Þá fór ég nokkuð um í sumar vegna skýrslugerðar um trjáreitina.

Helstu ferðalög utan míns umráðasvæðis voru þessi: 2 ferðir til Siglufjarðar, til að leiðbeina við gróðursetningu og skipuleggja trjáreitir.

Ferð til Reykjavíkur í marz á skógarvarðafund.

Ferð til Þingvalla á aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Í Desember fór ég til Reykjavíkur í ýmsum erindum skógræktarinnar.

Gróðursetning í girðingar Skógræktar ríkisins.

Reykjarhólsgirðing:	Birki .....	3000	stk.
	Sitkagreni...	1000	"
	Blágreni.....	1000	"
Úlfssstaðagirðing.	Birki.....	1500	"
Gauksmýrargirðing.	Birki.....	250	"
	Skógarfura...	25	"
Moðsgirðing.	Sitkagreni.....	50	"
Haukagilsgirðing.	Sitkagreni.....	50	"
Eyjólfssstaðagirðing.	Sitkagreni.....	50	"

---

Samtals 6925 stk.

Laugabrekku, 1. janúar 1956.

*Sigurður Þannasson*